

EFTIRLITSSKÝRSLA

Vopnafjarðarhreppur Búðaröxl



Dags eftirlits	25.10.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Vopnafjarðarhreppur	Eftirlitsmaður	
Heimili	Hamrahlíð 15	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	710269-5569	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Oddur Pétur Guðmundsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	690508,452 590016,913

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar ábendingar settar fram. Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun frá 19. apríl 2021.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með starfsleyfi urðunarstaðar Vopnafjarðarhepps á Búðaröxl. Eftirlitið var einungis rafrænt að þessu sinni. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
- Staða frávíka
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlits
- Önnur mál

Samkvæmt skráningum fyrir árið 2020, sem rekstraraðili sendi inn til eftirlitsaðila, voru urðuð rétt rúm 690 tonn af úrgangi á urðunarstaðnum og tæp 285 tonn af jarðvegi notað í yfirlag og manir. Í gám á urðunarstaðnum var safnað 86 tonnum af brotajárni á árinu. Fram kom að nokkuð væri af brotajárni og ökutækjum á urðunarstaðnum en beðið væri eftir gámum til flutnings.

Farið var yfir stöðu frávíka en frá eftirliti 2019 hafa verið útistandandi frávik er varða geymslu úrgangs á urðunarstaðnum, vatn í gryfjum, hreinsivirki og skráningar. Rekstraraðili hefur gert úrbætur varðandi skráningar og telst því frávíki lokið, að öðru leyti vinnur rekstraraðili eftir úrbótaáætlun sem samþykkt var 19. apríl 2021.

Urðunarstaðurinn er sem stendur í áhættuflokki B og fær því árlegt eftirlit. Áhættumat er endurskoðað samhliða eftirliti.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 06.12.2021

Sigríður Magnúsdóttir